

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Kópavogi, 15. janúar 2013
1204366/900.00 SHJ

Efni: Vatnaáætlun- drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar

Óskað var eftir ábendingum fyrir 7. Júní 2013 vegna draga að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands. Drögin voru lögð fram fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs 14. janúar 2013 og eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við drögin:

Allt skólp frá Kópavogsbæ fer í Skerjafjarðarveitu og þaðan í Ánanaust og því þarf að breyta texta í skýrslunni á eftirfarandi hátt.

Á bls. 39 í línu 12-13 stendur eftirfarandi: „Sundaveita flytur skólp í Klettagarða frá norður- og austurhluta Reykjavíkur, Mosfellsbæ og litlum hluta Kópavogs við Elliðavatn.“ Taka út „litlum hluta Kópavogs við Elliðavatn.“

Í töflu 12 á bls. 44 varðandi Kópavog þarf að taka út eftirfarandi:


Í textanum „Byggð við Elliðavatn í Ánanaust og Klettagarða“ merkt bláu letri þarf að taka út „og Klettagarða“.

Og „Meirihlutinn (byggð í Leirdal) fer í Fossvogsræsi og þaðan í Ánanaust. Byggðin austar í Klettagarða.“ Taka út eftirfarandi texta: „Byggðin austar fer í Klettagarða.“ Og í staðinn komi „ Skólp leitt í hreinsistöð við Ánanaust.“

Töfluhluta má sjá hér fyrir neðan.

| Kópavogur | 31205 | um 39500 | um 6300 | um 30 | um 39000 | | | | |
|------------------------------------------------|-------|----------|---------|-------------------|----------|--|--|--|--|
| Magnbyggð í Ánanaust | | | | | | | | | |
| Byggð við Elliðavatn í Ánanaust og Klettagarða | 6252 | 6252 | | 17 Elliðavatnsbrú | 6254 | | | | |
| Magnbyggð í Ánanaust | | | | | | | | | |
| Byggðin austar í Klettagarða | | | | | | | | | |

Virðingarfyllt,


Steingrímur Hauksson
sviðsstjóri umhverfissviðs